

Nd.

58. Nefndarálit

um frv. til laga um Raufarhafnarlæknishérað.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni hefir komið saman um að leggja til, að frv. verði afgreitt með svo látandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með tilvísun til þess, að í nágildandi fjárlögum og í fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir Alþingi, er ætlaður sérstakur styrkur til þess að launa lækni á Raufarhöfn um síldveiðitímann, og þar sem ætla má, að með áframhaldandi fjárveitingu í þessu skyni sé fengin viðunandi bráðabirgðalausn þessa máls, telur deildin ekki ástæðu til að afgreiða frv. til lagasetningar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Einn nefndarmanna, Gísli Guðmundsson, telur þessa afgreiðslu málsins ekki fullnægjandi og mun gera grein fyrir því í umræðum.

Alþingi, 3. marz 1938.

Sveinbjörn Högnason,
form.

Vilm. Jónsson,
frsm., fundaskr.

Garðar Þorsteinsson.

Thor Thors.

Gísli Guðmundsson.